

AUGLÝSING

um breytingu nr. 4 við Lyfjaverðskrá I frá 20. janúar 1969.

Frá og með 26. janúar 1973 skal útsöluverð lyfja eins og það er greint í Lyfjaverðskrá I frá 20. janúar 1969 hækka um 52.5%. Jafnframt fellur niður 17% hækkan samkvæmt breytingu nr. 3 1. nóvember 1970.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. janúar 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 21.

10. janúar 1973.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á greiðsluframlagi fyrir óverkaðan saltfisk (þorsk) og söltuð ufsaflök framleidd á tímabilinu frá 1. október til 31. desember 1972.

Með skírskotun til laga nr. 98 21. desember 1972, um breyting á lögum nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi greiðsluframlag úr sjóðnum til framleiðenda fyrir óverkaðan saltfisk (þorsk) og söltuð ufsaflök framleidd á tímabilinu frá 1. október til 31. desember 1972.

Óverkaður saltfiskur (þorskur)	12%	af fob-verði
Söltuð ufsaflök	6%	af fob-verði

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. janúar 1973.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.